

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2011

2012/EES/15/16

frá 2. desember 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/26/ESB frá 14. janúar 2011 um að leyfa aðildarríkjum að samþykkja tilteknar undanþágur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32011 D 0026**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/26/ESB frá 14. janúar 2011 (Stjtið. ESB L 13, 18.1.2011, bls. 64).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/26/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 85, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 18.1.2011, bls. 64.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.